

Fundargerð 385

Mánudaginn 22. ágúst 2011 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson, Drífa Hjartardóttir Herdís Á. Sæmundardóttir og Sturla Böðvarsson. Auk þeirra voru á fundinum Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Skýrsla nefndar Gunnars Svavarssonar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar.
3. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 10:03 og gekk til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp tvær síðustu fundargerðir nr. 383 og 384 (f. skjal 1) og voru þær samþykktar samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Skýrsla nefndar Gunnars Svavarssonar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar.

AÐ fjallaði um skýrsluna sem dreift var með fundargögnum (f. skjal 2)

Stjórn Byggðastofnunar tekur undir meginniðurstöður nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar. Í skýrslunni kemur fram mikilvægi þeirrar starfsemi sem stofnunin sinnir og nauðsyn þess að henni verði haldið áfram. Jafnframt áréttar stjórn Byggðastofnunar nauðsyn heildarendurskoðunar á lagaumhverfi hennar og að nú þegar þurfi að eyða óvissu um framtíð stofnunarinnar og framkvæmd þeirra mikilvægu verkefna sem hún hefur með höndum á sviði byggðaþróunar og fjármálastarfsemi. Stjórn Byggðastofnunar telur að færa eigi Byggðastofnun undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála og tengja þannig starfsemi stofnunarinnar enn betur við sveitarfélögin í landinu. Stjórn stofnunarinnar tekur með þessu undir áform stjórnvalda þar um, sem og vilja samtaka sveitarfélaga sem fram hefur komið í ályktunum á þeirra vettvangi.

Stjórn Byggðastofnunar telur mikilvægt að allra leiða verði leitað til þess að efla stofnunina og stöðu hennar svo henni megi takast það hlutverk sitt að skapa skilyrði til jákvæðrar byggðaþróunar í landinu. Jafnframt er minnt á nauðsyn þess að stofnunin hafi þá sterku stöðu sem þarf til að þess að takast á við hlutverk sitt lögum samkvæmt.

3. Önnur mál.

Fundargerðir lánanefndar.

Fundargerð 10/11, 15. ágúst 2011

AÐ fór yfir fundargerðina.

...

...

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir staðfest.

...

Endurskoðun á málskotsferli.

ASS leggur til breytingu á málskotsferli þannig að stjórn taki mál til umfjöllunar og óski eftir frekari gögnum í kjölfar hennar eða veiti lánsúmsækjanda kost á að styðja lánsúmsókn frekari gögnum áður en stjórn tekur málið fyrir að nýju.

Afgreiðslu frestað.

Opnun lánabókar.

ASS ræddi um möguleika á opnun lánabókar og hvort ástæða sé til að skoða birtingu upplýsinga eins og hægt sé innan marka laga.

BJ og ASS leggja fram eftirfarandi bókun.

Skoða ber með hvaða hætti er mögulegt miðað við lagaumgerð stofnunarinnar að birta skýrari hætti afgreiðslu Byggðastofnunar á lánasviði og tekið verði á því í endurskoðun á lögum um stofnunina.

Þar sem þetta sé síðasti fundur sitjandi stjórnar skiptustu stjórnarmenn á þökkum og óskuðu stofnuninni velfarnaðar.

AP þakkar fyrir samstarfið við stjórn stofnunarinnar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:02 og fundargerðin upplesin og samþykkt.

Magnús Helgason, fundarritari

